nefnt tímabil. Sömuleiðis er presturinn að Ríp sira Ólafur Bjarnarson settur til ásamt sínu eigin embætti að þjóna til fardaga 1880 Fagraness og Sjávarborgar prestakalli, gegn því að hann njóti allra tekna prestakalls þessa, meðan hann þjónar því. 17 27. jan.

Í sambandi hjer með læt jeg fylgja beiðni, er mjer barst með póstinum í fyrra dag um, að Hallormsstaðarprestakall, er kvað vera orðið laust við dauða sira Sigurðar Gunnarssonar, verði ekki auglýst fyrir næsta þing, til þess að tillit geti orðið tekið til uppástungu þeirrar, er kom fram á prestakallafundinum í Suðurmúlasýslu, um að jörðin Hallormsstaður verði gjörður að landbúnaðarskólasetri, og vil jeg í tilefni af þessu skjóta því til herra biskupsins, hvort ástæða muni vera til, þar eð prestakallanefndin hefir lagt það til, að Hallormsstaðar og Þingmúla prestaköll verði sameinuð, að fresta veitingu Hallormsstaðar prestakalls á sama hátt, og að ofan er ákveðið með tilliti til Reynistaðarklausturs brauðsins — eða að bæta við auglýsinguna um, að Hallormsstaðar prestakall sje laust, því skýlausa skilyrði, að ef brauðið verði sameinað við Þingmúla, eigi presturinn að sætta sig við, að honum sje gjört að skyldu að búa á Þingmúla og afhenda prestssetrið Hallormsstað til afnota fyrir landbúnaðarskóla, er kynni að verða stofnaður fyrir Múlasýslurnar, gegn því, að honum gyldist landskuld og leigur af nefndri jörð.

— *Brjef* landshöfðinga *til biskups um* útbýtingu á styrktarfje handa uppgjafa prestum og prestaekkjum. — Með brjefi þessu og öðru brjefi frá 20. s. m. úthlutaði landshöfðingi, samkvæmt tillögum biskups 46 prestsekkjum og 2 uppgjafaprestum þeim 2500 kr, er veittar eru með 13. gr. A. b. 3. fjárlaganna. 18 27. jan.

Af þeim prestaekkjum er fengu styrk í fyrra (sjá landshöfðingjabrjef 18. jan. 1878 — stjórnartíð. B. 10. —) voru nú úr gengnar Margrjet Magnúsdóttir frá Skorrastað, Olafía Ólafsdóttir frá Hesti og Sigríður Benidiktsdóttir frá Einholti; en við bœzt höfðu:

Jóhanna Andrea Lúðvíksdóttir, ekkja sira Bjarnar á Sandfelli, og fjekk hún . .	40 kr.
og Helga Árnadóttir, með dómi skilin við sira Jón í Skarðsþingum	40 —
Hærra styrk en þann, sem þeim var úthlutað með landshöfðingjabrjefi 18. jan. 1878 fengu:	
Halldóra Jónsdóttir frá Hvammi (áður 30 kr.)	40 —
Halldóra Jónsdóttir frá Nesþingum (áður 30 kr.)	40 —
Helga Eiríksdóttir frá Garði (áður 60 kr.)	80 —
Ingibjörg Thorarensen frá Stokkseyri (áður 40 kr.)	50 —
Málmfríður Jónsdóttir frá Uppsum (áður 50 kr.)	70 —
Oddný Pálsdóttir frá Kálfafellsstað (áður 40 kr.)	60 —
Sigríður Ingimundsdóttir frá Otrardal (áður 40 kr.)	60 —
Aptur á móti var styrkurinn handa þessum prestsekkjum lækkaður:	
Elínu Einarsdóttur frá Þingeyraklaustri (áður 85 kr.)	70 —
Margrjetu Narfadóttur frá Glæsibœ (áður 85 kr.)	80 —
Hinar ekkjurnar fengu hinar sömu upphæðir og í fyrra samtals	1730 —
Þar að auki voru lagðar 2 uppgjafaprestum eins og í fyrra	140 —
Kr.:	2500[1] =

1) Samkvæmt skýrslu biskups höfðu á árinu 1878 auk ofannefndra kr. 140 handa uppgjafaprestum og kr. 2360 handa prestaekkjum.

verið greidd eptirlaun	— 5193 —	—	— — 3329,25 —	—
sýnódusstyrkur	— 781,27 —	—	— — 1098,23 —	—
alls kr.	6114,27 handa uppgjafaprestum—	kr.	6787,18 handa prestaekkjum.	